



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd

Endurskoðunarskýrsla 2024

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2024</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 13</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>14 - 15</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>16</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>17</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>18</i>

Endurskoðun ársins 2024



Akureyri, 16. maí 2025

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2024. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur
Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við sveitarstjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllt,

Enor ehf.

Niels Guðmundsson

Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Niels Guðmundsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is
Sími: 430 1806
Gsm: 851 1806

Óttar Ingi Oddsson
Viðskiptafræðingur

Netfang: ottar@enor.is
Sími: 430 1819
Gsm: 851 1819

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útfrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:


- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 17 í skýrslunni.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk í verkefninu voru skilgreind kr. 17,2 millj. eða 2,0% af rekstrartekjum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 688 þús.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikninsskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Ársreikningur sveitarfélagsins



Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2024	m. viðaukum	2023	2024	m. viðaukum	2023
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	411.728	415.183	388.488	404.934	408.389	382.450
Framlög jöfnunarsjóðs	223.958	211.357	202.391	223.958	211.357	202.391
Aðrar tekjur	140.711	113.909	133.071	273.445	225.494	264.213
	776.398	740.449	723.950	902.337	845.240	849.054
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	407.735	404.906	370.917	432.392	427.306	392.001
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	14.401	27.716	36.101	14.401	27.716	36.101
Annar rekstrarkostnaður	395.678	405.648	395.435	420.515	429.664	416.176
Afskriftir	32.462	30.777	32.643	56.145	55.542	52.320
	850.276	869.047	835.096	923.453	940.227	896.598
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	(73.878)	(128.598)	(111.147)	(21.115)	(94.987)	(47.545)
Fjármagnsliðir	4.331	1.887	9.951	(1.667)	(5.498)	770
Rekstrarniðurstaða ársins	(69.547)	(126.711)	(101.195)	(22.782)	(100.485)	(46.775)
Kostnaðarliðið í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	53%	55%	51%	48%	51%	46%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	2%	4%	5%	2%	3%	4%
Annar rekstrarkostnaður	51%	55%	55%	47%	51%	49%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	1.383	1.364	1.286	1.369	1.349	1.273
Aðrar tekjur	306	248	290	595	491	575
Laun og launatengd gjöld	887	881	807	941	930	853
Annar rekstrarkostnaður	861	883	861	915	935	906

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 902,3 millj. á árinu 2024 og hækka um kr. 53,3 millj. eða 6,3% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 6,8% yfir áætlun ársins 2024 ef með eru teknir viðaukar ársins sem gerðu ráð fyrir kr. 4,9 millj. viðbótartekjum frá upphaflegri áætlun fyrir árið.

- Útvarstekjur hækka um kr. 40,0 millj. milli ára eða 13,4%.
- Fasteignaskattar og lóðaleiga hækka um kr. 8,1 millj. milli ára eða 23,1%
- Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 21,6 millj. milli ára eða 10,7%. Allir liðirnir sem falla hér undir eru að hækka milli ára.
- Aðrar tekjur hækka um kr. 9,2 millj. milli ára eða 3,5%.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 432,4 millj. á árinu 2024 og hækka um kr. 40,4 millj. eða 10,3%. Liðurinn er í heild nokkuð vel í takti við áætlun ársins en viðaukar við fjárhagsáætlun gerðu ráð fyrir kr. 22,9 millj. í aukin útgjöld vegna launakostnaðar. Hlutfall launa af rekstrartekjum er að hækka nokkuð milli ára og er 50,6% samanborið við 46,2% árið áður.

Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga var um kr. 14,4 millj. sem er um kr. 13,3 millj. undir áætlun. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 5,4% milli ára samanborið við 9,8% hækkun árið á undan. Áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingum hjá LSR hækkaði úr 61,7% í 62,2% milli ára.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 420,5 millj. á árinu 2024 og hækkar um kr. 4,3 millj. eða 1,0%. Liðurinn er vel í takti við áætlun ársins en samþykkir viðaukar námu kr. 15,9 millj. vegna viðbótarútgjalda frá upphaflegri áætlun. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af rekstrartekjum hækkar milli ára úr 49,0% í 50,8% hjá A og B hluta.

Afskriftir

Afskriftir A og B hluta námu kr. 56,1 millj. og hækka aðeins milli ára.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Frávik frá áætlun ársins 2024 (í þús kr.)

	Áætlun			
	Rauntölur	með viðaukum	Frávik	Frávik %
Skatttekjur	652.216	643.070	9.146	1%
Félagspjónusta	(81.265)	(83.438)	2.173	-3%
Fræðslu- og uppeldismál	(387.281)	(399.589)	12.308	-3%
Menningarmál	(15.563)	(15.800)	237	-1%
Æskulýðs- og íþróttamál	(73.009)	(73.196)	186	0%
Brunamál og almannavarnir	(14.055)	(16.976)	2.921	-17%
Hreinlætismál	2.157	(1.256)	3.413	-272%
Skipulags- og byggingamál	(2.165)	(2.334)	169	-7%
Umferðar- og samgöngumál	(17.727)	(15.053)	(2.674)	18%
Umhverfismál	(11.924)	(11.336)	(587)	5%
Atvinnumál	(15.218)	(9.981)	(5.237)	52%
Sameiginlegur kostnaður	(82.470)	(87.048)	4.578	-5%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(14.401)	(27.716)	13.315	-48%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	9.633	7.759	1.875	24%
Aðalsjóður samtals	(51.072)	(92.894)	41.823	-45%
Eignasjóður	(6.171)	(22.102)	15.931	-72%
Þjónustumiðstöð	(12.305)	(11.715)	(590)	5%
A hluti samtals	(69.547)	(126.711)	57.164	-45%
Hafnarsjóður	19.253	5.136	14.118	275%
Vatnsveita	16.605	14.304	2.301	16%
Félagslegar íbúðir	7.334	5.722	1.612	28%
Fráveita	9.779	8.783	995	11%
Félagsheimili	(6.206)	(7.719)	1.513	-20%
B hluti samtals	46.764	26.226	20.538	78%
A og B hluti samtals	(22.782)	(100.485)	77.702	-77%

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta og samanburður við áætlun

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2024 um kr. 69,5 millj. samanborið við kr. 126,7 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta var neikvæð á árinu 2024 um kr. 22,8 millj. samanborið við kr. 100,5 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 77,7 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 29,1 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins (gjöld umfram tekjur).

Helstu frávik frá áætlun með viðaukum voru:

- Útvarstekjur ársins voru aðeins undir áætlun en framlög jöfnunarsjóðs voru kr. 12,6 millj. yfir áætlun.
- Fræðslu- og uppeldismál – endurgreiðsla á framlögum til tónlistarskóla nam kr. 7,3 millj. en ekki hafði verið gert ráð fyrir henni í áætlun. Endurgreiðslur frá Skagabyggð vegna leikskóla voru hærri en áætlað var.
- Hreinlætismál – farið var í útboð vegna sorphirðu og hefur kostnaður ekki aukist en sveitarfélagið er ekki byrjað að vinna samkvæmt nýju fyrirkomulagi þar sem kerfið er ekki tilbúið. Tekjur frá íbúum hafa á sama tíma aukist sem skýrir afgang af rekstri málaflokksins.
- Atvinnumál – gjaldfærður var á árinu kostnaður vegna sjóbaðaverkefnis kr. 5,0 millj. en ekki var gert ráð fyrir því í áætlun. Nú er búið að færa að fullu út þann kostnað sem eignfærður var vegna verkefnisins.
- Sameiginlegur kostnaður – þjónustutekjur voru yfir áætlun og aðkeypt sérfræðiþjónusta undir áætlun.
- Lífeyrisskuldbindingar – launahækkar minni en á undanfórnum árum.
- Hafnarsjóður – aflagjöld voru um kr. 12,1 millj. yfir áætlun.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á rekstrarniðurstöðu málaflokka og samanburð við áætlun ársins 2024 með viðaukum.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 14,7 millj. eða 4,3% milli áranna 2023 og 2024 en voru kr. 3,6 millj. eða 1,0% undir fjárhagsáætlun. Það er áfram áhyggjuefni að hækkun á útsvarstekjum sveitarfélagsins nær ekki að halda í við launapróun.

Tekjur vegna fasteignaskatta hækka milli ára um kr. 8,5 millj. eða 19,6% en álagningastofn sveitarfélagsins hækkaði um 21,0% milli álagningar 2023 og 2024.

Framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækka um kr. 21,6 millj. eða 10,7% milli áranna 2023 og 2024. Framlög frá jöfnunarsjóði eru kr. 12,6 millj. yfir áætlun ársins en hækkun er á öllum liðum frá jöfnunarsjóði milli ára. Mest hækkar framlag vegna grunnskóla eða um kr. 11,7 millj. milli ára.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 7,6 millj. milli ára og eru nokkuð umfram áætlun ársins. Aukin framlög vegna fræðslumála og innri viðskipti skýra frávik frá áætlun.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig tekjustofnar A-hlutans greinast samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	2024	Áætlun með viðaukum	2023	2022	2021	2020	2019
Útsvar	359.933	363.540	345.195	341.937	301.456	298.196	284.765
Fasteignaskattur, lóðaleiga	51.795	51.644	43.293	35.182	34.020	35.869	34.056
Framlag úr jöfnunarsjóði	223.958	211.357	202.391	166.633	141.349	141.484	185.222
Aðrar tekjur	140.711	113.909	133.071	123.639	112.208	98.268	82.957
	776.398	740.449	723.950	667.390	589.033	573.816	587.000

Framlög úr jöfnunarsjóði (í þús. kr.)

	2024	Áætlun með viðaukum	2023	2022	2021	2020	2019
Framlag vegna útgjaldajöfnunar	86.472	83.516	86.315	69.026	57.084	49.780	85.302
Framlag vegna grunnskóla	81.030	81.161	69.378	64.063	57.491	62.237	64.555
Framlag vegna fasteignaskatts	39.781	39.781	36.398	30.810	23.674	23.801	26.972
Önnur framlög	16.675	6.899	10.299	2.734	3.100	5.665	7.257
	223.958	211.357	202.391	166.633	141.349	141.484	184.087

Ársreikningur sveitarfélagsins



Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 811,8 millj. á árinu 2024 samanborið við kr. 764,4 millj. á árinu 2023. Hækkun milli ára er kr. 47,4 millj. eða 6,2%. Fjármagnsliðir eru jákvæðir hjá aðalsjóði en lækka þar sem gengið hefur á handbært fé hjá sveitarfélaginu. Gjaldfærsla vegna lífeyrirsskuldbindinga lækkar nokkuð milli ára þar sem launahækkanir voru lægri milli árána 2023 og 2024 heldur en milli árána 2022 og 2023.


Útgjöld stærsta málaflokksins, fræðslu- og uppeldismála hækka nokkuð eða um kr. 42,6 millj. milli ára en kostnaður við rekstur grunnskólans hækkar um kr. 31,7 millj. milli ára (nettó kr. 30,1 millj. að teknu tilliti til endurgreiðslna frá Skagabyggð og annarra tekna) og rekstur leikskólans hækkar um kr. 22,4 millj. (nettó kr. 25,9 millj. að teknu tilliti til endurgreiðslna frá Skagabyggð). Útgjöld vegna umferðar- og samgöngumála hækka hlutfallslega mikið eða um 62,7% sem er um kr. 6,8 millj. hækkun en sú hækkun skýrist að mestu af auknum kostnaði við snjómokstur og viðhaldi gangstétta.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)

	2024	2023	2022	2021	2020	2019
Aðalsjóður:						
Félagsþjónusta	83.632	87.978	72.614	65.517	46.943	44.040
Fræðslu- og uppeldismál	438.607	395.983	357.493	326.075	303.469	278.086
Menningarmál	16.065	16.990	19.587	19.757	18.874	19.270
Æskulýðs- og íþróttamál	84.461	77.411	77.260	70.699	69.109	66.848
Brunamál og almannavarnir	17.392	20.413	21.454	9.104	7.999	6.743
Hreinlætismál	18.554	23.298	24.291	20.935	18.893	17.376
Skipulags- og byggingarmál	2.182	2.440	3.701	3.562	3.666	3.380
Umferðar- og samgöngumál	17.727	10.895	8.955	10.931	13.476	12.687
Umhverfismál	11.953	12.159	9.092	7.746	10.638	10.179
Atvinnumál	16.860	16.811	16.273	14.072	16.266	11.078
Sameiginlegur kostnaður	104.379	100.058	86.803	80.222	70.679	93.403
	811.812	764.435	697.524	628.621	580.011	563.089
 Fjármagnsliðir	(9.633)	(15.549)	(13.948)	(7.227)	(10.510)	(10.320)
 Breyting lífeyrirsskuldbindinga	14.401	36.101	4.806	46.883	26.569	15.548
 Aðalsjóður samtals	816.579	784.987	688.382	668.277	596.069	568.316

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta



Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Fastafjármunir				
Fasteignir og hafnarmannvirki	697.300	651.754	1.126.276	1.060.586
Veitukerfi	0	0	179.604	187.324
Gatnakerfi	138.200	147.417	138.200	147.417
Vélar, áhöld og tæki	40.266	42.342	41.649	43.840
Eignarhlutir í félögum	69.087	54.091	69.087	54.091
Fyrirframgreiddur kostnaður	15.673	16.456	15.673	16.456
	960.527	912.061	1.570.489	1.509.714
Veltufjármunir				
Óinnheimtar tekjur	90.372	112.189	101.675	121.781
Fyrirframgreiddur kostnaður	783	783	783	783
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	283.694	307.506	0	0
Aðrar skammtímakröfur	27.660	37.117	35.014	37.832
Handbært fé	38.206	87.482	39.280	87.540
	440.714	545.077	176.752	247.935
Eignir samtals	1.401.241	1.457.138	1.747.241	1.757.649
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,71	2,20	1,71	2,69
Heildareignir pr. íbúa	3.033	3.154	3.782	3.804

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 46,6 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.485,7 millj. í árslok 2024.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 102,7 millj. en afskriftir námu kr. 56,1 millj.

Á árinu var seld ein fasteign hjá eignasjóði (hluti Túnbrautar 1-3) og nam söluverðið kr. 16,0 millj. og söluhagnaður nam allri þeirri fjárhæð.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Túnbraut 1-3, skrifstofur - endurbætur kr. 51,4 millj.
- Hafnarframkvæmdir, búnaður og Ásgarður kr. 36,4 millj. nettó (ríkisframlag nam kr. 95,4 millj.)

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð sem að gjaldfærist á 20 – 30 árum.

Óinnheimtar tekjur

Staða óinnheimtra tekna lækkar um kr. 20,1 millj. milli ára en í árslok 2023 voru til staðar háar kröfur á Ríkissjóð Íslands vegna styrks til fráveituframkvæmda og Vegagerðina vegna framlags vegna vinnu við göngustíg.

Aðrar skammtímakröfur

Meðal annarra skammtímakrafna er eignfærður fyrirframgreiddur kostnaður vegna verkefna sem eru í gangi og sveitarfélagið á von á endurgreiðslum vegna. Meðal þessara verkefna eru fuglaskoðunarhús og verk í Spákonufellshöfða. Staða vegna undirbúnings framkvæmda við Sjóböð á Skagaströnd hefur nú verið færð að fullu niður en gjaldfærsla á árinu nam kr. 5,0 millj. Óvissa er um það hvort sveitarfélagið geti endurheimt þennan kostnað og því hefur þessi staða verið færð niður (gjaldfærð).

Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 48,3 millj. milli áranna 2023 og 2024. Sveitarfélagið tók engin ný lán á árinu og hefur nýtt rekstrarfé og laust fé í fjárfestingar. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er ennþá nokkuð gott en það lækkar milli ára úr 2,7 í árslok 2023 í 1,7 í árslok 2024.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	880.398	949.945	1.290.192	1.312.975
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	262.550	259.831	262.550	259.831
Skuldir í íslenskum krónum	0	0	90.992	92.525
	262.550	259.831	353.541	352.356
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	57.456	42.780	57.456	42.780
Næsta árs afborganir af langtímask.	0	0	5.854	5.496
Skuldir við eigin fyrirtæki	163.085	166.640	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	37.752	37.941	40.198	44.042
	258.293	247.362	103.507	92.319
Skuldir samtals	520.843	507.193	457.049	444.675
Skuldir og eigið fé samtals	1.401.241	1.457.138	1.747.241	1.757.649
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	63%	65%	74%	75%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	35%	23%	21%	11%
Eigið fé pr. íbúa	1.906	2.079	2.793	2.873
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	1.127	1.110	989	973

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta lækkar um kr. 22,8 millj. milli ára. Neikvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 22,8 millj. kemur til lækkunar á eigin fé og er það eina hreyfingin á eignfjárreikningum á árinu. Eiginfjárlutfall samstæðunnar lækkar lítillega milli ára og er 73,8% í árslok.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 2,7 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 10,9 millj. en gjaldfærð hækkun og aðrar breytingar námu kr. 13,6 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 16 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 1,2 millj. milli ára en þær voru kr. 96,8 millj. í árslok samanborið við kr. 98,0 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra hafa verið hagstæð. Vextir lánanna eru á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir en verðbólga var mun lægri á árinu 2024 en árið á undan sem að hefur jákvæð áhrif á reksturinn. Engin lántaka var gerð á árinu 2024.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var komið í 21% í árslok 2024 samanborið við 11% í árslok 2023. Heimilt er að draga veltufjármuni frá skuldum við útreikning á hlutfallinu og er það helst lækkun veltufjármuna (handbærs fjár) sem að skýrir hækkun á skuldahlutfallinu milli ára.

Ársreikningur sveitarfélagsins



B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 19,3 millj. samanborið við kr. 14,3 millj. í hagnað árið 2023.

Rekstrartekjur ársins voru kr. 75,6 millj. samanborið við kr. 64,1 millj. árið áður. Aflagjöld hækka nokkuð milli ára en þau námu kr. 43,6 millj. samanborið við kr. 38,6 millj. árið 2023.

Rekstrargjöld Hafnarsjóðs hækka um kr. 6,6 millj. milli ára eða 13,3%. Mest er hækkunin á launakostnaði sem hækkar um 2,6 millj. milli ára.

Fjárfestingar Hafnarsjóðs á árinu voru kr. 131,8 millj. og á móti þeim komu framlög frá hafnarbótasjóði að fjárhæð kr. 95,4 millj.

Staða Hafnarsjóðs er áfram góð, eigið fé stóð í kr. 327,0 millj. í árslok og var eiginfjárlutfallið 100,0%, og því engar skuldir á Hafnarsjóði í árslok. Krafa Hafnarsjóðs á aðalsjóð lækkaði um kr. 20,3 millj. milli ára og stóð í kr. 113,6 millj. í árslok.

Vatnsveita og fráveita

Hagnaður var á rekstri Vatnsveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 16,6 millj. samanborið við kr. 14,9 millj. í hagnað árið 2023. Tekjur vegna vatnsgjalds hækka en rekstrarkostnaður sem er að mestu leyti viðhaldskostnaður var nánast óbreyttur milli ára. Eiginfjárstaða Vatnsveitunnar í árslok var kr. 71,4 millj. og eiginfjárlutfallið 100,0%.

Hagnaður var á rekstri Fráveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 9,8 millj. samanborið við kr. 10,1 millj. hagnað árið 2023. Fjárfestingar hjá Fráveitunni voru óverulegar á árinu 2024 og var bókfært virði fráveitukerfa kr. 158,9 millj. í árslok. Skuld fráveitunnar við aðalsjóð lækkar um kr. 16,7 millj. og var kr. 75,4 millj. í árslok. Eiginfjárstaða Fráveitunnar í árslok var kr. 83,4 millj. og eiginfjárlutfallið 52,5% samanborið við 44,4% í ársbyrjun.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður var á rekstri Félagslegra íbúða á árinu að fjárhæð kr. 7,3 millj. samanborið við kr. 21,0 millj. hagnað árið 2023. Tekjur ársins námu kr. 22,7 millj. samanborið við kr. 38,2 millj. árið 2023. Engin eign var selda á árinu en inni í tekjum ársins 2023 var söluhagnaður vegna seldra íbúða að fjárhæð kr. 16,1 millj. Kostnaður við rekstur fasteignanna hækkar aðeins milli ára eða um kr. 1,4 millj.

Engin íbúð var seld á árinu og voru 13 íbúðir í rekstri hjá Félagslegum íbúðum í árslok 2024. Bókfært verð þessara 13 íbúða var kr. 153,2 millj. í árslok 2024 eða um kr. 11,8 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Fasteignamat íbúðanna var í árslok 2024 kr. 235,7 millj. sem var um kr. 82,5 millj. yfir bókfærðu verði þeirra. Brunabótamat íbúðanna var í árslok 2024 kr. 564,2 millj.

Áhvílandi lán á íbúðunum námu samtals kr. 96,8 millj. í árslok 2024 sem er að meðaltali um kr. 7,5 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2024.

Eiginfjárstaða Félagslegra íbúða var í árslok 2024 kr. 31,6 millj. og eiginfjárlutfallið var 20,5%.

Félagsheimilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 6,2 millj. samanborið við kr. 5,9 millj. tap árið 2023. Tekjur voru kr. 6,3 millj. og hækkuðu um kr. 730 þús. milli ára. Rekstrargjöld félagsheimilisins fyrir afskriftir hækkuðu úr kr. 6,2 millj. í kr. 6,9 millj.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2024 neikvætt um kr. 103,6 millj. og var uppsöfnuð skuld við sveitar sjóð komin í kr. 185,0 millj. Að okkar mati væri rétt að leggja félagsheimilið niður sem B-hluta fyrirtæki og færa fasteignina inn í Eignasjóð þar sem hún væri rekin þar með innri leigu frá Aðalsjóði. Önnur lausn væri að færa annaðhvort framlag frá aðalsjóði eða útbúa skuldabréf milli aðalsjóðs og félagsheimilisins til þess að jafna viðskiptastöðuna og færa svo árlega framlög frá aðalsjóði til félagsheimilisins til þess að núlla rekstur ársins.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með stjórnendum sveitarfélagsins.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2024 hjá A-hluta nam kr. 12,6 millj. sem var um 12,2% af útistandandi kröfum í árslok, samanborið við kr. 11,2 millj. og 9,1% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 18,6 millj. sem var 15,5% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 14,7 millj. í ársbyrjun og 10,8%.

Sértæk niðurfærsla er færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurfærsla krafna hækkar milli ára sem má að stórum hluta rekja til aukinnar niðurfærslu óinnheimtra útsvarstekna en færð er frekar há niðurfærsla á móti óinnheimtum útsvarstekjum eða 80%. Niðurfærsluhlutfallið hækkar þar sem staða heildarkrafna er að lækka en í árslok 2023 voru til staðar háar kröfur á Ríkissjóð Íslands vegna styrks til fráveituframkvæmda og Vegagerðina vegna framlags vegna vinnu við göngustíg.

Almennt hefur innheimta krafna gengið vel hjá sveitarfélaginu.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2024 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2024	2023
Viðskiptakröfur	102.975	123.388
Niðurfærsla krafna	(12.603)	(11.199)
Viðskiptakröfur nettó	90.372	112.189
Niðurfærsla í %	12,2%	9,1%
Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2024	2023
Viðskiptakröfur	120.278	136.480
Niðurfærsla krafna	(18.603)	(14.699)
Viðskiptakröfur nettó	101.675	121.781
Niðurfærsla í %	15,5%	10,8%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í félögum var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 54,1 millj. í árslok. Engin breyting er á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og ekki þótti ástæða til þess að hreyfa við niðurfærslu eignarhluta.

Skoðuð voru uppgjör ársins 2023/2024 fyrir félögin og ef miðað er við hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé þeirra þá er áfram þörf á niðurfærslu vegna Hólaness og Nes listamiðstöðvar sem að niðurfærsla eignarhluta í árslok dekkar. Aðrir eignarhlutir eru færðir á lægra verði en hlutdeild í eigin fé segir til um.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2024.

Eignarhluti í félögum skal færa á kostnaðarverði í aðalsjóði en eignarhlutir sem flokkast sem eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum skulu færðir upp miðað við hlutdeild í samstæðureikningi.

Meðhöndlun byggðasamlaga og dótturfélaga er með óbreyttum hætti í uppgjöri 2024.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2023	31.12 2022
Ámundakinn ehf	10.250	10.250
Hólanes ehf	24.500	24.500
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Sjávarlíftækni-setrið BioPol ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Aðrir sjóðir	1.885	1.885
Niðurfærsla eignarhluta	(24.500)	(24.500)
	54.091	54.091

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendur

Samkvæmt áliti frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2024 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 242,3 millj. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Um 3,4% hækkun var á lóðaleigutekjum milli álagningar 2024 og 2025. Engin matsbreyting er færð á lóðir og lendur á árinu 2024 þar sem hækkunin nær ekki 5,0% sem er viðmið í framangreindum reglum.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hluttur sveitarfélagsins er nú áætlaður 62,2% sem er aðeins hærra hlutfall en árið áður þegar það var áætlað sem 61,7% hlutdeild.

Byggðasamlög og annar samrekstur

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þá skal færa byggðasamlög og annan samrekstur sem er á ábyrgð sveitarfélaga inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð. Sveitarfélagið Skagaströnd er aðili að nokkrum byggðasamlögum/samrekstri og ber samkvæmt samþykktum þessara aðila hlutfallslega ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Í skýringu nr. 13 er gerð grein fyrir stöðu þeirra byggðasamlaga/samreksturs sem sveitarfélagið er aðili að en reikningsskil þeirra hafa þó ekki verið tekin inn í samstæðureikning sveitarfélagsins. Öll framlög til byggðasamlaga/samreksturs hafa verið gjaldfærð í rekstri sveitarfélagsins og því ætti þetta frávik að okkar mati ekki að hafa veruleg áhrif á reikningsskilin.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir fráviki varðandi byggðasamlög og samrekstur hér að ofan en að öðru leyti þá er það mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilþætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins hafa að okkar mati verið vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er þó að okkar mati að minnast áfram á þetta í endurskoðunarskýrslunni og benda á að aðrar eftirlitsaðgerðir þurfa að koma til móts við þetta, m.a. aðhald sveitarstjóra með starfsmönnum í bókhaldi og eins aðhald sveitarstjórnar með rekstrinum.

Starfsmannabreytingar voru á skrifstofu sveitarfélagsins á síðari hluta ársins 2024 þegar sveitarstjóri kom úr orlofi og staðgengill sveitarstjóra hættir störfum. Þessar breytingar og þær breytingar sem voru á árinu 2023 hafa haft áhrif á bókhald sveitarfélagsins og mikil reynsla fór út með staðgengli sveitarstjóra. Þrátt fyrir það er bókhald sveitarfélagsins í ágætum farvegi og ágætlega unnið. Alltaf má bæta framkvæmd og frágang afstemminga.

Lykilþættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
- Áhættumat - Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstíll - Upplýsingar og samskipti - Stjórnendaeftirlit - Eftirlitsaðgerðir	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

Aðfangافرli

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort skráning væri í lagi. Sveitarfélagið er með rafrænt samþykktarferli í fjárhagskerfinu en farið var yfir samþykkt reikninga samhliða úrtaksskoðun á kostnaði. Kostnaður sem að verkefnastjóri fjármála hefur sjálfur sett inn í kerfið og fellur undir hans heimildir til samþykktar hefur í flestum tilfellum ekki verið samþykktur formlega í kerfinu en við viljum mælast til þess að það sé gert þannig að allur kostnaður sé samþykktur með sama hætti.

Launaferli

Farið var yfir lykilþætti í launaferlinu samhliða úrtaksskoðun á launum. Launamál virðast almennt vera í góðum farvegi, gott skipulag er á launavinnslu og launagögnum.

Önnur mikilvæg atriði



Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um reikningsskilin og starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um reikningsskil eða starfsemi sveitarfélagsins.

Ákvæði um jafnvægi í rekstri og skuldahlutfall eru sett fram í 64. gr. sveitarstjórnarlaga og er nánar kveðið á um þessi ákvæði í 13. og 14. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Ef horft er til jafnvægisreglunnar þá er sveitarfélagið í lagi með afkomu A og B hluta en A hlutinn einn og sér er með taprekstur bæði ef horft er á tímabilið 2024 til 2026 og eins ef horft er til áætlunar fyrir árin 2025 til 2027. Unnið er að því að bæta rekstur A hlutans sem er mikilvægt svo að sveitarfélagið geti staðist þetta skilyrði. Skuldahlutfall sveitarfélagsins hefur verið mjög lágt en hefur þó á síðustu árum verið að hækka þar sem gengið hefur á þá sjóði sem sveitarfélagið átti.

Þess ber þó að geta að með bráðabirgðaaákvæði í sveitarstjórnarlögum var skilyrðum um jafnvægi í rekstri og skuldahlutfall tímabundið kippt úr sambandi eða fyrir árin 2020 – 2025.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli ENOR eða starfsmanna ENOR og sveitarfélagsins sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðanda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

	Raun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Samtals
Jafnvægisregla - afkoma A hluta	(69.547)	(25.362)	7.262	(87.647)
Jafnvægisregla - samanlögð afkoma A og B hluta	(22.782)	11.300	47.719	36.237

	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Samtals
Jafnvægisregla - afkoma A hluta	(25.362)	7.262	8.377	(9.723)
Jafnvægisregla - samanlögð afkoma A og B hluta	11.300	47.719	41.806	100.825